



Leiðsögn

Aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna

26. apríl 2022

Fundargerð

Aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna var haldinn að Stórhöfða 29, þriðjudaginn 26. apríl 2022. Fundurinn var í senn staðfundur og fjarfundur þar sem unnt var að fylgjast með og taka þátt í gegnum Zoom. Allar kosningar á fundinum voru rafrænar.

1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna fundarins

Friðrik Rafnsson formaður setti fundinn kl. 19. Friðrik bar því næst undir samþykki fundarins að Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), yrði skipaður fundarstjóri og Ásgeir Sverrisson, starfsmaður skrifstofu ASÍ, ritari. Það var samþykkt.

Magnús fundarstjóri bar upp þá spurningu hvort fundarmenn hefðu einhverjar athugasemdir við boðun fundarins og lögmæti hans. Svo reyndist ekki vera. Magnús fór yfir auglýsta dagskrá fundarins áður en hann bauð velkomna í pontu Drífu Snædal, forseta ASÍ.

Ávarp Drífu Snædal, forseta ASÍ:

Drífa hóf mál sitt með að víkja að stöðu mála innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar blési nú hressilega. Við þær aðstæður væri mönnum hollt að hugleiða sögu og mikilvægi hreyfingarinnar. Sagði hún þá staðreynd óumdeilanlega að sterk fylgni væri á milli styrks verkalýðshreyfingar og jöfnuðar í viðkomandi landi. Nefndi hún þessu til sannindamerkis Norðurlöndin og Bandaríkin. Í norrænu ríkjunum hefði almenn aðild að verkalýðsfélögum tryggt framþróun í launum á meðan laun fólks í Bandaríkjunum hefðu lengstum staðið í stað og ójöfnuður færi þar enn vaxandi. Lifandi og frjáls verkalýðshreyfing væri trygging fyrir lífsgæðum almennings.

Blikur væru hins vegar á lofti á hinum Norðurlöndunum líkt og komið hefði í ljós í heimsókn norrænna félaga til ASÍ sem nú stæði yfir. Á Norðurlöndum hefði á síðustu árum hallað undan fæti hjá verkalyðshreyfingunni. Kvaðst Drífa stolt af íslensku verkalyðshreyfingunni sem áræddi að beita sér pólitískt og hafa skoðanir á samfélagsmálum. Íslenska hreyfingin væri fyrir vikið í sterkari stöðu en norrænu félagarnir. Þessi ákvörðun íslensku hreyfingarinnar að skipta sér af öllu og hafa skoðanir á öllu hefði m.a. í för með sér að átök kæmu óhjákvæmilega upp innan hennar.

Drífa kvaðst enn vera að jafna sig eftir að hafa fengið lýsingu á hvernig ríkiseigur hefðu skipulega verið seldar í Svíþjóð. Væri nú svo komið að Svíar gætu af þessum sökum ekki tryggt flutninga á matvælum landshluta á milli. Íslenska verkalyðshreyfingin hefði jafnan haldið fast í það sjónarmið að einkavæðing samfélagsinnviða væri ótæk.

Drífa fjallaði um áhrif COVID-veirufaraldursins á ferðaþjónustuna. Leiðsögumenn hefðu orðið fyrir þungu áfalli í faraldrinum líkt og önnur ný og fjölmenn stétt sem væri tæknifólk í afþreyingariðnaði. Berlega hefði komið í ljós í þeim hremmingum öllum sterkari staða þeirra sem átt hefðu í ráðningarsambandi við vinnuveitenda saman borið við hina verkefnaráðnu. Því væri gjarnan haldið fram að ungt fólk hefði aðra sýn til vinnu og réttinda en hinir eldri. Taldi Drífa slíkar fullyrðingar firru og nefndi að fólk vildi eignast eða leigja húsnæði og til þess þyrfti það að njóta öruggrar afkomu. Sagði hún „hark-hagkerfið“ í Evrópu skýra um margt erfiða stöðu ungs fólks í álfunni.

Hún þakkaði núverandi og fyrrverandi stjórn félagsins samstarfið. Félagið hefði glímt við ákveðna vaxtaverki en stétt leiðsögumanna væri nú orðin mjög stór og mikilvæg innan ASÍ. Óskaði hún að lokum félaginu alls hins besta.

2. Skýrsla félagstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Friðrik Rafnsson formaður flutti næst skýrslu félagstjórnar. Skipst hefðu á skin og skúrir frá því ný stjórn tók við og ætti það við um greinina og samfélagið allt. COVID-aðgerðir hér á landi og erlendis hefðu líkt og alkunna væri reynst greininni gífurlega erfiðar. Að baki væri erfiður og harður vetur.

Nú væri bjartara fram undan. Verkefnastaða væri góð og væri nú svo komið að stefndi í skort á leiðsögumönnum. Starfið væri ótraust og illa launað og margir hefðu horfið til annarra og betri starfa í veirufaraldrinum. Væri nú svo komið að fyrirtæki réðu nánast hvern sem væri til leiðsögustarfa. Tilkynningum um brot á kjarasamningum fjölgaði en jákvætt væri að betur hefði gengið en oft áður að fylgja eftir kærumálum. Liðsinni ASÍ, VR og fleiri hefði reynst mikilvægt. Jákvætt mætti einnig telja að fyrirtæki sem áður hefðu verið staðin að ósvífinni hegðun gagnvart leiðsögumönnum óskuðu nú eftir fundum með félaginu og lofuð betrun og yfirbót. Fyrirtæki þessi sýndust nú tilbúin til að taka félagið alvarlega og vanda sig betur en áður. Það væri fagnaðarefni.

Friðrik sagði frá reglulegum fundum stjórnar. Ný stjórn hefði lagt þunga áherslu á aukið gegnsæi og upplýsingamiðlun m.a. með pistlum á neti og greinum formanns sem fengið hefðu góð viðbrögð. Þá hefði stjórnin kostað kapps um að bæta samskiptin innan félags sem utan.

Sagði Friðrik einnig frá góðum fundi með Lilju D. Alfreðsdóttur, ráðherra ferðamála. Á næstunni væri fyrirhugaður fundur með fulltrúum ráðuneytisins um lögvernd starfsheitis leiðsögumanna sem lengi hefð verið á meðal mikilvægustu baráttumála félagsins. Taldi Friðrik nokkra ástæðu til bjartsýni í því efni og lagði áherslu á samtakamátt leiðsögumanna. Hann kvað ráðherra hafa óskað eftir reglulegum fundum með fulltrúum Leiðsagnar um málefni leiðsögumanna. Þetta væru sömuleiðis jákvæð tíðindi.

Friðrik sagði þétt haldið um fjármál félagsins og væru þau í nokkuð góðu horfi þrátt fyrir minni innkomu. Þakkaði hann Sonju Kjartansdóttur, bókara félagsins, og endurskoðendum vandaða vinnu við frágang ársreikninga sem birtir hefðu verið á vef félagsins í liðinni viku.

Formaðurinn rifjaði upp að starfshópur um breytingar á lögum félagsins hefði tekið til starfa síðasta haust undir stjórn Indriða H. Þorlákssonar. Hópurinn hefði fundað átta sinnum. Tillögur hans um lagabreytingar hefðu verið kynntar á félagsfundi 5. apríl og í kjölfarið birtar á vef félagsins. Tillögurnar yrðu, lögum félagsins samkvæmt, teknar til umræðu og vonandi samþykktar síðar á þessum aðalfundi. Þakkaði Friðrik hópnum vel unnin störf og kvaðst efast um að nokkru sinni hefði verið staðið svo vel að lagabreytingum innan félagsins.

Friðrik kvað félagið hafa skipað í haust fulltrúa sinn í starfshóp Menntamálastofnunar um menntun leiðsögumanna. Sú vinna hefði tafist nokkuð meðal annars vegna átaka og breytinga innan Menntamálastofnunar. Jafnframt væri vinna við svokallað raunfærnimat fyrir leiðsögumenn hafin að nýju í samstarfi við Iðuna, fræðslusetur.

Formaðurinn kvað skipulega unnið að því að efla og styrkja tengslin við ýmsa aðila sem skiptu leiðsögumenn miklu máli og nefndi til sögu Slysavarnafélagið Landsbjörg, Almannavarnir, Samtök ferðaþjónustunnar og verkálöðsfélagið Báruna vegna aukins vinnustaðaeftirlits auk þess sem rætt hefði verið við Félag fjallaleiðsögumanna um nánara samstarf og samvinnu.

Innra starf félagsins og þjónusta við félagsmenn væri í sífelldri þróun. Starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu, hefði verið hækkað úr 50 í 75% starf. Launareiknivél hefði verið sett á innri vef félagsins í febrúarmánuði félagsmönnum til hagsbótar og gætu jafnt launþegar sem verktakar nýtt hana til að sannreyna að laun og launatengd gjöld væru rétt reiknuð. Þá hefði verið smíðað kerfi til að tengja saman félagavefinn og „mínar síður“ þannig að unnt væri að sækja um í sjóði félagsins með rafrænum hætti.

Gerð félagatals væri að ljúka og væri það mikilvægt verkefni. Ferðaþjónustufyrirtæki gætu nýtt félagatalið til að leita að leiðsögumönnum út frá ýmsum forsendum. Ætla mætti að þar með yrðu fleiri verkefni í boði fyrir félagsmenn.

Þá nefndi Friðrik að senn yrðu tilbúin rafræn skilríki fyrir félagsmenn sem nýttast myndu þeim með ýmsu móti.

Friðrik vék að endurskoðun og uppfærslu siðareglna Leiðsagnar sem hann sagði hafa verið löngu tímabæra. Gildandi reglur hefðu verið frá 1999 og því við hæfi að uppfæra þær með tilliti til samfélagsbreytingar, ekki síst í ljósi umræðu um kynferðislegt áreiti. Stjórnin hefði notið liðsinnis Páls Ragnars Þorsteinssonar heimspekings hjá Siðfræðistofnun HÍ. Siðareglurnar hefðu verið kynntar á félagsfundinum fyrr í mánuðinum og settar á innri vef félagsins.

Sjúkrasjóður Leiðsagnar hefði haldið sex fundi árið 2021, þar af fjóra eftir að ný stjórn tók við í júní 2021. Unnið væri að tryggingastærðfræðilegri úttekt á Sjúkrasjóði Leiðsagnar. Stjórn Endurmenntunarsjóðs Leiðsagnar hefði fundað eins og lög kvæðu á um.

Tvær breytingar hefði orðið í stjórn á árinu. Júlíus Freyr Theodórsson meðstjórnandi hefði sagt af sér sökum anna. Jakob S. Jónsson, ritari félagsins, hefði tilkynnt afsögn sína í október vegna trúnaðarrests, en skipt um skoðun. Í byrjun desember hefði hann skýrt stjórn og trúnaðarráði frá því að hann hefði af persónulegum ástæðum ákveðið að segja sig frá öllum trúnaðarstörfum. Formaður þakkaði báðum gott samstarf fyrir hönd félagsins og óskaði þeim velfarnaðar.

Friðrik minnti á að fimmtugsafmæli Leiðsagnar yrði fagnað í ár. Undirbúningsvinna vegna afmælisins væri hafin og tillögur og ábendingar frá félagsmönnum vel þegar.

Formaðurinn lauk skýrslu sinni með því að fjalla um mikilvægi trausts í samskiptum manna. Stjórnin hefði kostað kapps um að auka traust til félagsins, bæði inn á við og út á við. Verkferlar og meðferð og varsla gagna er vörðuðu starfsemi félagsins og sjóða þess hefði verið bætt og gætt vel að fjárhagnum á erfiðum tímum í greininni.

Styrkur Leiðsagnar fælist í fjölbreyttum bakgrunni leiðsögumanna. Með samtakamætti og fagmennsku myndi félaginu vel farnast. Þakkaði hann góða vinnu í þágu félagsins og kvaðst þakklátur því ágæta fólki sem tilbúið væri til að leggja á sig ómælda vinnu til að Leiðsögn mætti vaxa og dafna. Full ástæða væri fyrir félagsmenn að horfa með bjartsýni fram á veg

3. Reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram til afgreiðslu

Sonja Kjartansdóttir bókari og Valva Árnadóttir gjaldkeri gerðu grein fyrir ársreikningum félagssjóðs, sjúkrasjóðs og endurmenntunarsjóðs Leiðsagnar. Kom m.a. fram að félagið væri gert upp með 3,5 milljóna afgangi, sjúkrasjóður með smávægilegu tapi sem og endurmenntunarsjóður að teknu tilliti til fjármagnstekna.

Í umræðu var óskað eftir upplýsingum um tiltekna úthlutun endurmenntunarsjóðs. Harpa Björnsdóttir ritari gerði grein fyrir henni og kom fram í máli hennar að viðkomandi styrkþegi hefði fengið frest til 30. júní til að gera grein fyrir framgangi verkefnisins sem styrkurinn rann til.

Lovísa Birgisdóttir óskaði eftir að færðar yrðu til bókar tvær yfirlýsingar hennar varðandi samskipti hennar við sjúkrasjóð og formenn félagsins. Þær bókanir fylgja fundargerð þessari merktar sem Viðauki 1.

Framlagðir ársreikningar voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillögur um lagabreytingar

Magnús fundarstjóri sagði að þar sem gert væri ráð fyrir talsverðum breytingum á hinum ýmsu lögum félagsins vildi hann leggja til að tillögur laganefndar yrðu lagðar fram sem eitt frumvarp. Tillögurnar hefðu fengið góða kynningu og óþarfi væri að kynna þær aftur sérstaklega fyrir fundarmönnum. Hins vegar væru komnar fram breytingatillögur við framlagðar tillögur. Minnti Magnús á að samkvæmt lögum félagsins þyrftu lagabreytingar að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og hið sama ætti við um breytingatillögur við tillögur.

Tillaga frá Sigrúnu Pálsdóttur um meira afgerandi jafnréttisákvæði þannig að áskilið yrði að sama kyn gæti ekki gegnt samtímis formanns- og varaformannsembætti og kynjaskipting í stjórn yrði aldrei minni en hlutfallið 60-40 var felld.

Tillaga Leifs Björnssonar um að félagið kallaðist Leiðsögn - fag- og stéttarfélag leiðsögumanna var felld.

Breytingartillaga Leifs Björnssonar við 3. grein laga um réttarstöðu félagsmanna var felld. Breytingartillaga Leifs Björnssonar þess efnis að 6. grein yrði felld úr lögum var felld. Breytingartillaga Leifs Björnssonar að 7. grein laga yrði felld niður var felld.

Eftirfarandi breytingartillaga frá Kristínu Hildi Saetran varðandi 16. grein um tillögur uppstillingarnefndar var samþykkt:

„Tillögur uppstillingarnefndar vegna kosningar formanns, stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa í þágu félagsins, skal liggja fyrir tveimur vikum fyrir upphaf rafrænnar kosningar eða aðalfundar.“

Þá var einnig samþykkt tillaga Kristínar Hildar um orðalagsbreytingu á 22. gr. um lýsingu kjörs formanns og stjórnar.

Breytingatillögur Lovísu Birgisdóttur um að allir þrír meðlimir nefnda skuli kjörnir á aðalfundi og um fjölgun aðalmanna í stjórn voru felldar.

Loks bar Magnús fundarstjóri upp frumvarp að nýjum lögum félagsins með áorðnum breytingum og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

5. Fjárhagsáætlun lögð fram og tillaga gerð um aðildargjald, fag- og sérdeildagjöld

Valva Árnadóttir gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og skýrði frá áætluðum kostnaði vegna launa, leigu, heimasíðu og reksturs tölvukerfis. Varðandi það síðastnefnda sagði Valva að stór hluti þess verks væri þegar greiddur og myndu umbætur á tölvukerfi fela í sér miklar framfarir. Tekjur félagsins væru áætlaðar 21,5 milljónir króna og væri gert ráð fyrir örhlitlum afgangi.

Fjárhagsáætlun var lögð fram til kynningar og kom því ekki til atkvæðagreiðslu.

Spurt var um kostnað vegna afmælishátíðar og sagði Valva hann ekki liggja endanlega fyrir en rætt hefði verið um 500.000 krónur.

6. Kosning til stjórnar

Þeir frambjóðendur sem vildu fengu 60 sekúndur til að kynna sig og helstu hugðarefni.

Eftirfarandi hlutu kosningu til stjórnar:

Harpa Björnsdóttir, aðalmaður til tveggja ára.

Leifur Björnsson, aðalmaður til tveggja ára.

Gunnsteinn Ólafsson, varamaður.

Guðný Margrét Emilsdóttir, varamaður.

Hallfríður Þórarinsdóttir, varamaður.

Pétur Gunnarsson, varamaður.

7. Kosning til trúnaðarráðs

Eftirfarandi voru kjörin sem aðalmenn í trúnaðarráð félagsins:

Áslaug Marinósdóttir.

Birna Imsland.

Hildur Bjarnason.

Indriði H. Þorláksson.

Kári Jónasson.

Jónína Birna Halldórsdóttir.

Varamenn

Ellert Sigurðsson.

Sigurður Magnússon.

Bergsteinn Harðarson.

Sigurður Albert Ármannsson.

Óskar Grímur Kristjánsson.

Guðni Gunnarsson.

8. Kosning fulltrúa í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður

a. Fræðslunefnd

Einar Þórðarson, sjálfkjörinn.

b. Upplýsinganefnd

Einar Þórðarson, sjálfkjörinn.

c. Fagráð

Harpa Björnsdóttir, kjörin.

d. Stjórn Endurmenntunarsjóðs

Birna Imsland, sjálfkjörin.

9. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára:

Guðmundur Örn Ragnarsson.

Guðný Margrét Emilsdóttir.

10. Önnur mál:

a. Tillaga Lovísu Birgisdóttur

„Aðalfundur beinir því til stjórnar að starfsmenn félagsins séu ekki jafnframt launaðir starfsmenn sjóða og nefnda.“

Tillagan var felld.

b. Tilmæli Sigurðar Alberts Ármannssonar

Beinir til stjórnar að taka eftirfarandi til greina: Ekki skal trufla eða áreita aðra leiðsögumenn á vettvangi.

Leiðsögumenn virði rétt gesta til að njóta friðar á áfangastöðum.

c. Siðareglur staðfestar

Nýjar siðareglur höfðu verið kynntar og birtar á vef félagsins.

Allir fundarmenn lýstu sig samþykka nýjum siðareglum.

Í lok fundar þakkaði Friðrik Rafnsson formaður prýðilega mætingu og málefnalegar og ágætar umræður. Kvaðst hanna hlakka til að vinna áfram með félagsmönnum. Næg verkefni væru fram undan.

VIÐAUKI I

Bókanir Lovísu Birgisdóttur

Ég Lovísa Birgisdóttir legg fram eftirfarandi bókun á aðalfundi Leiðsagnar 2022:

Þegar ég veiktist af illkynja krabbamein í nóv. 2019, þá gat ég ekki unnið lengur og því fór ég fram á sjúkradagpeninga sem ég átti fullan rétt á (frá 14.nóv. 2019 til 29. feb. 2020). Eins og flestum er kunnugt, var afgreiðsla máls míns hjá Stéttarfélaginu Leiðsögn einstaklega ómanneskjuleg.

Ég fékk 1 og 1/2 hálfan mánuð borgaðann afturábak í byrjun mars. Eins og fram kom á aðalfundi Leiðsagnar 2020. Seinni hlutan fékk ég borgaðan út í ágúst 2020. Þessi óútskýranlega háttarni stjórnar Leiðsagnar/Sjúkrasjóðs olli mér dýpstu sálarkvól í stöðugt versnandi lyfjarmeðferð. Ég var tekjulaus frá byrjun mars 2020 til byrjun september 2020. Þar sem sjúkrasjóður „gat“ ekki sent inn gögnin á Tryggingastofnun, vegna endurhæfingalífeyris míns fyrr en hann var búinn að ganga frá útborgun sjúkradagpeninga minna. ~~Eftir langan tíma~~ ^{í mörgum} marga tölvupósta fór ég fram á opinbera afsökunarbeiðni frá formanni Leiðsagnar/Sjúkrasjóðs án árangurs.

Ég talaði um þetta við núverandi formann þegar þegar ég hitti hann á ráðstefnu Landsbjargar um miðjan október 2021. Hann sýndi það með öllu sínu líkamstungumáli að hann var ekki mikið á því að tala við mig! Hann svaraði mér „þetta reddaðist allt í lokinn, er það ekki?“, Það var eins og að fá blauta tusku í andlitið.

Sömmuleiðis, þá sagði ég honum frá uppkomu minni gagnvart annari manneskju í félaginu og bað hann að halda því fyrir sig, þar til ég ég væri búin að hugsa næstu skref. Hann fór með það glóðvolgt í aðra meðlimi. Þvílíkur formaður!!

Því fer ég fram á ^{opinbera} afsökunarbeiðni frá bæði fyrrverandi og núverandi formönnum/stjórnnum

Lovísa Birgisdóttir

Ég Lovísa Birgisdóttir legg fram eftirfarandi bókun á aðalfundi Leiðsagnar 2022:

Vegna vandamála minna gagnvart sjúkrasjóði, sendi ég ítrekað fyrirspurnir um það hvort ekki væri í lagi með bókhald sjúkrasjóðs/félagsins. Aldrei komu svör. Þegar ég fór að fá fréttir frá fólki, sem vissi um málið, að sennilega væri ekki allt í lagi með fjármálaskýrsluna, ákvað ég ásamt tveimur öðrum að mótmæla ársreikningunum 2019. Eftir aðalfundinn 2019 eyddi ég mikilli vinnu í að bera saman ársreikninga fyrri ára, og var komin með nægjanlegan stóran hóp af fólki til að kalla saman auka aðalfund. Ég ákvað síðan að gera það ekki. Ég var orðin svo innilega þreytt eftir þetta sálarstríð ofan á veikindin. Fyrir aðalfund 2021 náðust saman 4 manneskjur til að fara aftur í gegnum gögnin og eyddum við dágóðum tíma til að fara í gegnum þetta aftur, enda kom upp að það var víða pottur brotinn í ársskýrslunni. Ein manneskjan úr hópnunum ákvað að mæta á fund með stjórninni daginn fyrir aðalfund. Við hin báðum hana að segja ekki frá uppgvötunum okkar, því allir vildu láta koma fram vinnu allra. Og við vildum að með þessu fengist samstaða til að kæra ársreikningana og fengist grundvöllur fyrir því að óháðir aðilar væru fengnir til að fara í botninn á ársreikningunum í eitt skipti fyrir öll. En raunin var sú að stjórnin fékk allar upplýsingarnar daginn fyrir aðalfund og „bjargaði“ stjórninn fyrir horn. Þessari manneskju var svo hrósað fyrir þetta á aðalfundinum og tók þessi manneskja við hrósinu með blíðu brosi, án þess að segja við vorum fleiru, sem unnum að þessu! Ekki mjög kollegíalt! Ekki gott! Svona safnar maður svörtum blómum í hattinn.

Ég rakst á mjög stóra upphæð í ársreikningi Endurmenntunarsjóðs upp á 1, 8 mil. IKR undir bæklingar, hver fær þennan pening? Var verkið boðið út?

Ég var kosin sem eini varamaður í stjórn sjúkrasjóðs og hef enn ekki verið boðuð á „lærdómsfund“, eru það eðlileg vinnubrögð?. Mér skilst að núverandi stjórn Leiðsagnar hafi allavega tekið það upp, sem fyrrverandi stjórn gerði ekki, að bjóða varamenn að vera með án atkvæðisréttar.

Lovísa Birgisdóttir